

Fundargerð

82. fundur Heklunnar – Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja
og Markaðsstofu Reykjaness haldinn
föstudaginn á Teams 12. febrúar 2021, kl. 8:30.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Berglind Kristinsdóttir, Fannar Jónsson,
Magnús Stefánsson, Guðjón Skúlason, Kristján Hjálmarsson, Björk
Guðjónsdóttir, Eyþór Sæmundsson og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ímynd Suðurnesja kynning á niðurstöðum 2020 – Kristján Hjálmarsson HN.
2. Góðar sögur – Pod cast, kynning Dagný Gísladóttir og Eyþór Sæmundsson.
3. Verkefnaáætlun Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes Geopark 2021. Lögð fram til kynningar.
4. Atvinnuleysistölur.
5. Önnur mál.

1. Mál Ímynd Suðurnesja – kynning á niðurstöðum

Kristján Hjálmarsson kynnti niðurstöður ímyndarkönnunar 2020.

2. Mál Góðar sögur hlaðvarp

Dagný og Eyþór kynntu hlaðvarpið Góðar sögur sem fengið hefur góðar viðtökur og er mikilvægur hluti ímyndarverkefnisins Reykjans – við höfum góða sögu að segja. Alls hafa 7000 manns halað niður þáttum, að meðaltali hlusta um 400 manns á hvern þátt og er þátturinn í 7. sæti yfir hlaðvörp í flokki menningar og samfélags á Íslandi.

3. Mál Verkefnaáætlun Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes Geopark 2021

Áætlunin lögð fram til kynningar.

4. Mál Atvinnuleysistölur

Berglind kynnti atvinnuleysistölur á Suðurnesjum og er staðan ekki góð, þótt hún sé misjöfn eftir sveitarfélögum. Atvinnuleysi heldur áfram að aukast og einnig þeir sem eiga við langtímaatvinnuleys að stríða. Á Suðurnesjum er atvinnuleysi hjá konum 29,1% og 24% hjá körlum en til samanburðar er landsmeðaltal 13%. Stjórn leggur áherslu á að atvinnubótatímabil og hlutabótaleið sé lengt þar sem margir eru að detta inn í framfærslu

sveitarfélaga. Það getur enginn sett sig í þau spor sem íbúar á Suðurnesjum búa við en á bak við þessar tölur eru fjölskyldur í mikilli óvissu.

5. **Önnur mál**

Berglind vakti athygli á nýjum nýsköpunarstyrkjum fyrir landsbyggðina sem nefnast Lóa og mun Heklan veita alla þá aðstoð til fyrirtækja á svæðinu sem möguleg er til þess að sækja um.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl. 9:32